

Fundardagskrá stjórnarfundar TKÍ 24/06 2010

Fundur haldinn í ÍSÍ

Arnar setur fund kl 19:00

Mættir: Arnar Bragason, Pétur Jensson, Richard Már, Hólmfríður Inga, Helgi Rafn.

Bæta við netfangið hie@mi.is fyrir Ingu.

1. **Stutt kynning stjórnarmanna og kosning í embætti.** Kosinn ritari, gjaldkeri og varaformaður.

Stjórnarmenn kynna sig.

Richard verður ritari. Pétur heldur áfram sem gjaldkeri með aðstoð frá Ingu sem er endurskoðandi.

Helgi verður varaformaður.

2. **Skýrsla stjórnar TKÍ fyrir starfsárið 2009-2010.** Þetta er skýrslan sem var lesin upp á ársþinginu. Arnar bendir fólkinu á að skoða skýrsluna betur og gera athugasemdir. Richard ætlar að spyrja Levy um skorkerfin þar sem það vantaði kapla í þau.

3. **Dagskrá stjórnar 2010-2011.** Þetta er framtíðarsýn fráfarandi stjórnar fyrir tímabilið 2010-2011 sem lesin var upp og rædd á ársþinginu.

- Poomsae dómara námskeið með Master Jamshid. Pétur hefur verið að tala við hann og saman reyna þeir að finna dagsetningu fyrir námskeiðið, helst í september. Laun hans þurfa vera ákveðin áður en hann kemur hingað. Hugsanlega gæti Meisam verið með sparring á sama tíma.
- Sparring dómara námskeið verður í haust.
- Poomsae Íslandsmót í haust. Verður auglýst eftir félögum til að halda mótið. Mótið verður líklega haldið í nóvember.
- Æfingabúðir TKÍ. Finna tíma fyrir sparringæfingabúðir TKÍ, líklega í jan-feb.
- Nefndir, skoða betur.
- Árshátíð TKÍ, fá utanaðkomandi sjálfboðaliða til að skipuleggja.
- Auglýsingar í félögum. Koma þarf video auglýsingu í gang þannig að sem flestir sjái hana.

4. **Meisam Rafaei.** Búið er að sækja um framlengingu á dvalarleifi hans hér á landi. Förum yfir stöðu mála og hvað er framundan í hans málum.

Sigursteinn kemur ásamt Meisam og kynnir hans mál (sjá fyrri fundargerð). Unnið hefur verið að því að fá dvalarleyfi fyrir Meisam og síðar ríkisborgararétt. Til að fá ríkisborgararétt þarf að fá atvinnuleyfi, framfærslu og dvalarleyfi. Pétur og Sigursteinn hafa talað við Róbert Marshall sem tengist þeim málum hjá Alþingi.

Meisam mun fara aftur til Íran í einhvern tíma.

Er með vegabréfsáritun til 9. júlí.

Sigursteinn vill að TKÍ hjálpi til með invitation, vilyrði fyrir því að fá fjárstyrk ef til þess kemur þurfa að koma honum aftur til landsins eftir Íransferðina. Forvinna allt sem þarf til að fá ríkisborgararétt og þarf allt verður tilbúið sem fyrst, helst áður en vegabréfsáritunin hans rennur út. Tala þarf við ÍSÍ. Sigursteinn mun tala við Arnar og TKÍ um þau mál sem þarf að afgreiða varðandi Meisam.

Richard skoðar atvinnusamning.

Sigursteinn talar við Fanneyju hjá Alþingi og bróðir Meisam sem þekkir hvernig á að flytja frá Íran. Arnar talar við Líney hjá ÍSÍ um hvernig er hægt að fá hann löglegan hjá íslenska landsliðinu (búsetuleyfi).

5. Styrkumsókn Sigursteins f.h. landsliðisins til kaupa á æfingabúnaði og göllum.

Sækir um 125.000 fyrir búnað og boli handa landsliðinu. Lagt er til að Sigursteinn fái tilboð í búnaðinn sem verður í eigu TKÍ og til afnota fyrir landsliðið.

6. Landsliðið í sparring. Æfingar og staða mála.

Fáir að æfa, þarf að fá fleiri. TKÍ og landsliðsþjálfari þurfa að vinna að því að fá fleiri í landsliðið sjá lið 7.

7. Ungir og efnilegir. Æfingar og staða mála.

Fáir að æfa, þarf að fá fleiri. TKÍ og landsliðsþjálfari þurfa að vinna að því að fá fleiri í unga og efnilega. Þarf að fá miklu fleiri úr grasrótinni til að æfa meira. Landsliðsþjálfari myndi kannski mæta í félög og kynna ungir og efnilega æfingabúðir.

8. Poomse landsliðið. Æfingar og staða mála.

Þyrfti að koma í gang svipað og með sparringlandslið og U&E. Hvort hægt sé að vera með U&E í poomsae. Tala við Eduardo.

9. Dómaramál. Staða mála og framtíðarsýn.

Pétur bendir á að það þurfi að standa við að félög hafi dómara og muni ellegar borga TKÍ aukalega á mótinu, smbr í öðrum íþróttum s.s. júdó. Félög sem hafa ekki dómara ættu ekki að geta haldið mót í nafni TKÍ. Stefnan er að halda tvö dómaramámskeið fyrir íslandsmótið í bardaga í vor. Virkja þarf foreldrana í að taka dómara réttindi, einnig til að skilja íþróttina betur. Setja þarf dagsetningar sem fyrst.

10. Íslandsmeistaramót í poomse og sparring. Auglýsing eftir umsóknum um að halda mótin og hvaða ramma TKÍ ætlar að setja varðandi framkæmd móts. t.d. varðandi mótsstjórn og yfirdómara.

– Helgi gerir auglýsinguna.

11. **Útbreiðsla TKD.** Hvernig er best að vinna að þessum mikilvæga málaflokki. Auglýsing TKÍ, hvernig getum við nýtt hana? Kynningar í skólum, getum við komið að þeim eða eigum við að láta félögin sjá um þetta sjálf, hvert í sínu hverfi? Fjölpóstur og plaköt? Farandkennarar, þar sem félög láni kennara til annara félaga ef á þarf að halda tímabundið eða til lengri tíma?

Facebook auglýsingar, nota TKÍ FB síðuna og auglýsinguna.

Skoða hvað kostar að auglýsa í bíó (karate kid). Richard skoðar það.

Hengja plaköt í skólana? Inga talar við grafískan hönnuð um verðhugmynd.

TKÍ gæti búið til bækling í þrúbroti eða annað sem gæti nýst í fjölpósti.

taekwondo.is þarf að vera vænni fyrir nýja iðkendur og vera þannig að síðan vísi á öll félögin.

Sjá önnur mál.

12. **Samskipti við fjölmiðla.** Hafa nýju stjórnarmeðlimirnir nýjar hugmyndir eða jafnvel tengsl við fjölmiðla sem gætu nýst TKÍ?

Richard talar við Hildi hjá Aftureldingu.

Fréttablaðið með þemablöð, athuga hvort það sé hægt að komast í eitthvað svoleiðis.

Sjá lið 11.

13. **Nefndir undir TKÍ.** Dómaranefnd, landsliðanefnd, fjáröflunarnefnd, beltaprófsnefnd, aganefnd, árhátíðarnefnd. Staða mála og framtíðarsýn.

þarf að auglýsa aftur í nefndirnar.

Beltaprófsnefnd væru hugsanlega 5 hæstu belti á landinu þarf að skoða betur.

14. **Styrkjamál TKÍ.** Landsliðsferðir: Við byrjuðum með prógram sem að fyrri stjórn hafði búið til beinagrind að það er að TKÍ styrkir landsliðsfólk sem landsliðsþjálfara hafa valið um 1/3 af kostnaði við að komast á mót og gistingu og 100% af keppnisgjöldum. Ekki verður greitt fyrir fólk fyrirfram heldur verða keppendur að leggja út fyrir ferðinni, alla vega að mestu leiti, en fá síðan greiðslur frá TKÍ eftir mótið. Einnig var byrjað með árangurstengda aukastyrki ef fólk náði góðum árangri í erlendum mótum. Aðrir styrkir: Þetta verður væntanlega skoðað með því að fara yfir hverja umsókn fyrir sig. Þetta eru vinnureglur sem fyrri stjórn notaði og eru að sjálfsögðu alltaf opnar fyrir breytingum.

15. **Æfingabúðir með Master Jamshid í haust.** Skoða með undirbúning.

Sjá ofar, Pétur skoðar.

16. **Taekwondo útilega í júlí.** Pétur kynnir stuttlega.

17. **Önnur mál.**

þarf að fá dagskrá frá félögunum til að setja á taekwondo.is Rikki kíkir á það.

Stofna TKÍ facebook. Inga kíkir á.

Fá www.tki.is og taekwondo.is lénin í eigu TKÍ. Arnar skoðar.

Næsti fundur verður auglýstur síðar